


Mars 2013



Fjórðungssamband  
Vestfirðinga

**Sóknaráætlun landshluta**  
**Sóknaráætlun Vestfjarða 2013**



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Framtíðarsýn .....	4
Stöðugreining .....	5
Atvinna og nýsköpun .....	5
Menningarmál .....	5
Menntamál .....	6
Markaðsmál.....	7
Stefnumótun fyrir hvern málaflokk.....	7
Atvinna og nýsköpun .....	7
Menningarmál .....	7
Menntun og rannsóknir.....	8
Markaðsmál.....	8
Markmið og aðgerðir.....	8
Atvinna og nýsköpun .....	8
Nýsköpunarkeppni Vestfjarða .....	8
Nýtingaráætlun strandsvæða á Vestfjörðum .....	9
Greining Vestfjarða.....	11
Menningarmál .....	11
Aukið framlag til Menningarráðs Vestfjarða .....	12
Menntun og rannsóknir.....	12
Stuðningur við námsbraut Háskólaseturs Vestfjarða (UW) í sjávertengdri nýsköpun .....	12
Stuðningur við uppbyggingu fjarnámsaðstöðu og rannsóknnaðstöðu fyrir háskólanema í þróunarsetrum Patreksfjarðar og Hól mavíkur.....	14
Koma á sérhæfðu námi fyrir starfsfólk í fiskeldi.....	14
Styrkja námsmannasjóð .....	15
Markaðsmál.....	16
Vestfjarðaklasi .....	17
Samantekt .....	19
Heimildir .....	20

## Inngangur

Á síðustu tíu árum hefur á Vestfjörðum farið fram nokkuð samfelld vinna er hefur tekið til mótunar framtíðarstefnu fjórðungsins, greining tækifæra, styrkleika, veikleika og ógnanna og eftirfylgni með verkefnum. Tilgreina má þrjú afmörkuð verkefni á þessu tímabilið; Byggðaaáætlun Vestfjarða og Vaxtarsamning Vestfjarða (2003-2005), Vestfjarðanefnd (2007-2008) og nú síðast Ísland 2020 er síðar varð Sóknaráætlun 2020 (2010-2012). Hér hefur því byggst upp veruleg þekking og reynsla í málefnum Vestfjarða með víðtækri aðkomu íbúa, sveitarfélaga og atvinnulífs.

Ef litið er til síðasta verkefnisins, Sóknaráætlun 2020, þá á það upphaf þann 6. febrúar 2010 þegar haldinn var Þjóðfundur í Bolungarvík þar sem settar voru fram hugmyndir um framtíðaráform svæðisins til eflingar atvinnulífs og samfélags byggt á sérstöðu og styrkleika Vestfjarða. Jafnframt var unnin töluverð vinna í tengslum við sóknaráætlun landshluta 2011 og sóknaráætlun landshluta 2012, þar sem valin voru ákveðin verkefni sem lögð voru í sóknaráætlun landshlutans. Í aðdraganda IPA umsóknarferlisins 2012 var fenginn ráðgjafi til að fara um Vestfirði og vinna greiningu á svæðinu, var þar sérstaklega horft á hvaða vandamál steðjuðu að Vestfjörðum. Þessi mikla vinna sem unnin hefur verið á undanförunum árum auk þeirrar gríðarlegu vinnu sem unnin hefur verið í tengslum við sóknaráætlun 2013 hefur að meginhluta skilað sömu niðurstöðum. Greinilegt er að sá breiði hópur sem komið hefur að öllum þessum verkefnum hefur skýra framtíðarsýn fyrir Vestfirði og horfir til sömu tækifæra.

Við afmörkun landshluta í sóknaráætlunarsvæði á árinu 2009, var tekið tillit til langrar reynslu af svæðasamstarfi sveitarfélaga á Vestfjörðum, samstarfi atvinnulífs auk gildandi þjónustu- og stjórnsýslusvæða ríkisins. Vegalengdir skipta landshlutanum hinsvegar í þrjú vinnusóknar- og þjónustusvæði og þá sérstaklega að vetri til, auk þess er samsetning atvinnulífs og íbúafjöldi þessara svæða ekki einsleitur. Til að sérstaða hvers svæðis væri sýnilegri var tekin sú ákvörðun á 57. Fjórðungsþingi Vestfirðinga sem haldið var á Bíldudal 5. og 6. október 2012 að vinna þrjár minni sóknaráætlanir, eina fyrir hvert svæði Vestfjarða. Þessar þrjár áætlanir yrðu síðan unnar saman í eina áætlun með áherslu á sameiginleg málefni. Það voru því haldnir svæðisfundir í desember 2012, einn á Hólmavík fyrir Strandir og Reykhólahrepp, einn á Patreksfirði fyrir suðursvæði Vestfjarða og einn á Ísafirði fyrir norðursvæði Vestfjarða.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða (Atvest) sá um framkvæmd þeirra þriggja svæðisfunda sem haldnir voru, einnig sá félagið um að boða hagsmunaaðila í samráði við bæjar- eða sveitarstjóra sveitarfélaganna. Jafnframt voru fundirnir auglýstir í fjölmiðlum, sem og á heimasíðu og facebook síðu Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV) og voru þeir því opnir öllum er áhuga höfðu. Fundarsókn var góð en alls mættu um 100 manns á þessa þrjú svæðisfundi.

Í framhaldi af svæðisfundunum var kallaður saman samráðsvettvangur sveitarstjórnanna og hagsmunaaðila. Var sá fundur haldinn á Ísafirði 17. desember 2012, en vegna ófærðar var ákveðið að tengja saman þrjá staði í fjarfundi; Ísafjörð, Patreksfjörð og Hólmavík. Varðandi boðun á þann fund var lögð til grundvallar samþykkt 57. Fjórðungsþings Vestfirðinga sem byggði á tillögu greinargerðar (skapalóns) stýrinets sóknaráætlana. Þá ákvað stjórn FV að boða 10 aðila tengda atvinnulífinu, 10 aðila tengda stoðkerfi atvinnu og byggða og fræðasamfélaginu, einnig var fundurinn auglýstur opinn hagsmunaaðilum. Á þann fund mættu um 30 manns sem hér eftir mynda samráðsvettvang sóknaráætlunar landshlutans. Á þeim fundi var kynnt fyrir hagsmunaaðilum niðurstöður svæðisfundanna en einnig höfðu starfsmenn FV og Atvest dregið saman sameiginlega þætti er

tengdust þeim málaflokkum sem sóknaráætlun landshluta tekur til. Á fundinum var óskað eftir áhugasömum aðilum til að sitja í framkvæmdaráði og alls gáfu sig fram átta aðilar frá sveitarfélögum og atvinnulífi. Þessi hópur myndar framkvæmdaráð með stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga eða í heild 13 manns. Þeim til aðstoðar eru starfsmenn FV og Atvest. Verkefni framkvæmdaráðsins var að fara yfir niðurstöður fundanna og móta verkefni sem sett yrðu í sóknaráætlun Vestfjarða 2013.

Framkvæmdaráðið kom saman til fyrsta fundar 15. janúar 2013 og fór yfir þær tillögur sem komu fram á fundi samráðsvettvangs og gerði tillögu að skiptingu fjármuna milli skilgreindra málaflokka. Framkvæmdaráðið ákvað einnig að skipa þrjú vinnuteymi sem hvert og eitt mótaði verkefni síns málaflokks; einn hópur fjallaði um markaðsmál, annar um atvinnu, nýsköpun og menningu og sá þriðji um menntun og rannsóknir. Hver hópur vann svo verkefnatillögur varðandi sinn málaflokk og fór svo yfir þær á öðrum fundi framkvæmdaráðs sem haldinn var 28. janúar 2013.

Framkvæmdaráðið lagði svo verkefnaútfærslurnar sem það vann fyrir samráðsvettvanginn á fundi 7. febrúar 2013. Allar verkefnaútfærslurnar voru samþykktar einróma af samráðsvettvangi sóknaráætlunar og staðfestar á stjórnarfundum FV þann 13. febrúar 2013.

Áfram verður unnið með þeim samráðshóp sem stofnaður hefur verið í kringum sóknaráætlunina og mun hann einnig vera kallaður til við gerð sóknaráætlunar fyrir komandi ár og við nánari mótun framtíðarsýnar á grunni þeirrar vinnu sem þegar hefur verið unnin. Ennfremur mun sá hópur vera útvíkkaður samhliða auknum verkefnum sóknaráætlana.

## Framtíðarsýn

Á 57. Fjórðungspingi Vestfirðinga var unnið með sveitarstjórnarfulltrúum að mótun framtíðarsýnar fyrir Vestfirði. Ákveðið var að vinna frekari framtíðarsýn á stærri vettvangi árið 2013 vegna sóknaráætlunar 2014. En að þessu sinni var horft til þess hvernig Vestfirðir yrðu árið 2020, helstu niðurstöður voru þessar:

- Hafin verði sú uppbygging sem mun snúa við þeirri þróun sem hefur átt sér stað á Vestfjörðum, fólki verði aftur farið að fjölga á öllum svæðum Vestfjarða. Vestfirðir verða árið 2020 einn samtengdur landshluti með bættum samgöngum og fjarskiptaþjónustu á við aðra landsmenn.
- Vestfirðir verði umhverfisvottaðir og hafi fullt forræði yfir standsvæðum sínum og unnið væri eftir strandsvæðisskipulagi við nýtingu þess svæðis. Viðhaldið verði í mynd Vestfjarða sem óspilltri náttúruveru sem laðar að sér ferðamenn, jafnt innlenda sem erlenda. Þeirri mynd verði viðhaldið með gildum samfélagslegrar ábyrgðar.
- Árið 2020 munu Vestfirðir nýta/vinna sínar afurðir í meiri mæli en gert er í dag, mun það leiða til frekari vöruþróunar og nýsköpunar. Einnig mun rannsóknastarf hafa aukist.

Einnig var unnin framtíðarsýn hvers málaflokks í framhaldi af fundum samráðsvettvangs og framkvæmdaráðs, er sú framtíðarsýn lögð fram í inngangi hvers málaflokks.

## Stöðugreining


### Atvinna og nýsköpun

Staða atvinnulífs hefur mikið að segja um framþróun landa og svæða og í byggðamálunum er mikilvægt að horfa til atvinnulífsins. Heilbriggt atvinnulíf er hornsteinn byggðar og samfélags. Forsenda fyrir framförum og vexti er fólgin í getu atvinnulífsins til þess að stunda rannsóknir og fjárfesta í nýsköpun og þróun.

Í greiningu sem unnin var vorið 2012 við undirbúning að IPA verkefnaumsóknum, kom fram að helstu vandamál Vestfjarða er snúa að atvinnu og nýsköpun voru:

- Fábreytni í atvinnulífi
- Skortur á störfum fyrir háskólamenntað fólk
- Skortur á fjármagni til atvinnuuppbyggingar
- Erfið samkeppnishæfni fyrirtækja/svæðisins<sup>1</sup>

Sjávarútvegur er burðarás atvinnulífs á Vestfjörðum líkt og sjá má á greiningu Byggðastofnunar frá 2012 og er sett fram á mynd 1.



Mynd 1 - Skipting framleiðslu á atvinnugreinar 2009 (Byggðastofnun, 2012).

Í greiningu Atvest á stöðu atvinnulífs 2005-2009 kemur fram að yfir helmingur allra tekna sem skapist á Vestfjörðum séu tengd sjávarútvegi, um þriðjungur eru opinber störf og um fimmtungur í framleiðslu og þjónustu. Atvinnulífið er því einhæft og mjög viðkvæmt fyrir sveiflum í afkomu fárra atvinnugreina. Í greiningu Atvest kom einnig fram að fyrirtæki voru mjög skuldsett og því veikburða og skorti getu til að fjárfesta í rannsóknum, nýsköpunar- og þróunarverkefnum.<sup>2</sup>

Í samantekt á vandamálagreiningu af þeim þremur svæðisfundum sem haldnir voru kom fram að skortur á samkeppnishæfi fyrirtækja, skortur á nýsköpunarúrræðum og fábreytt atvinnulíf eru ein helstu vandamál vestfirskis atvinnulífs. Sú niðurstaða er sú sama og í fyrri greiningum, t.d. þeirri sem framkvæmd var vorið 2012 vegna IPA undirbúnings.

### Menningarmál

Á Vestfjörðum er unnið eftir *Stefnumótun í menningarmálum* sem unnin var af Menningarráði Vestfjarða fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga árið 2007. Þar er áhersla lögð á að efla nýsköpun og menningarstarfsemi í fjórðungnum og menningarmál viðurkennd sem mikilvægur liður í bættum búsetuskilyrðum og uppbyggingu atvinnu. Aukið samstarf, atvinnusköpun, uppbygging, miðlun og bætt aðstaða eru lykilþættir í stefnunni. Menningarráð Vestfjarða var stofnað 2007 og er samstarfsvettvangur sveitarfélaganna. Rekstur þess var um áramótin síðustu sameinaður rekstri

<sup>1</sup> AM ráðgjöf 2012.

<sup>2</sup> Shiran Þórisson 2012.

Fjórðungssambandsins með það fyrir augum að efla málaflokkinn í samræmi við áherslur í sóknaráætlun.


Menningarlíf á Vestfjörðum er að mörgu leyti blómlegt og fjölbreytt. Tónlistarlífið á Ísafirði er til dæmis framarlega á landsmælikvarða, bæði fjöldi tónlistarviðburða og gæði þeirra. Á sama stað er starfandi atvinnuleikhús og listaskóli sem stendur fyrir margvíslegu námskeiðahaldi. Tónskólar eru öflugir víða á Vestfjörðum og í tengslum við þá fer mikil listsköpun fram. Árvissar listahátíðir sem eru mjög vel heppnaðar og íbúar eru stoltir af hafa vaxið og dafnað – s.s. tónlistarhátíðirnar Við Djúpið og Aldrei fór ég suður, einnig leiklistarhátíðin Act Alone á Suðureyri og heimildamyndahátíðin Skjaldborg á Patreksfirði, svo dæmi séu nefnd. Þessar hátíðir hafa mikil margfeldisáhrif til eflingar menningarlífi og ferðaþjónustu.

Síðustu ár hefur einnig verið mikil uppbygging og þróun í menningartengdri ferðaþjónustu og nokkur verkefni á Vestfjörðum standa þar fremst á sínu sviði á landsvísu. Það hefur verið mikil þróun og uppbygging á sviði safna, setra og sýninga á Vestfjörðum. Tengsl milli ferðaþjónustu, fræðastarfs og menningarstofnana hafa jafnframt aukist, þótt gera megi enn betur á því sviði.

## Menntamá


Samkvæmt greiningu Byggðastofnunar er hlutfall íbúa Vestfjarða sem eru með grunnskólapróf eða minni menntun hærra en nemur landsmeðaltali, á það sérstaklega um konur. Hlutfall kvenna sem lokið hafa starfsnámi í framhaldsskóla og karla sem lokið hafa iðnnámi er hinsvegar hærra en landsmeðaltal.<sup>3</sup>

**Mynd 2.1.3 Hlutfallsskipting kvenna 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun**  
Heimild: Capacent



**Mynd 2 - Hlutfallsskipting kvenna 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun (Byggðastofnun 2012)**

**Mynd 2.1.2 Hlutfallsskipting karla 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun**  
Heimild: Capacent



**Mynd 3 - Hlutfallsskipting karla 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun (Byggðastofnun 2012)**

Námsframboð á Vestfjörðum í staðbundnu háskólanámi er frekar takmarkað þar sem enginn háskóli er starfandi á Vestfjörðum. Fjarnám á háskólastigi hefur verið starfrækt frá tíunda áratug síðustu aldar og er nú í umsjón Háskólaseturs Vestfjarða í samstarfi við háskóla landsins. Víðtækast samstarf á þessu sviði er við Háskólann á Akureyri, t.d. í hjúkrunarnámi. Háskólasetrið hefur einnig þróað eigið námsframboð, þar er í dag öflugast nám á meistarastigi í strandsvæðastjórnun og frekari þróun er á þessu sviði auk framboðs í styttri námskeiðum. Menntaskóli hefur verið starfræktur á Ísafirði frá árinu 1970 og Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur rekið framhaldsdeild á Patreksfirði frá árinu 2008. Einnig er unnið að því að koma á fót framhaldsdeild á Hólmavík en Vestfirðingar leggja mikla áherslu á mikilvægi þess að hægt sé að bjóða upp á menntun í heimabyggð.

<sup>3</sup> Byggðastofnun 2012.

Greining á vanda Vestfjarða með greiningartækinu „vandamálagreining“ sem gerð var í undirbúningi sóknaráætlunar dró fram þá skoðun að fábreytt menntun og lágt menntunarstig væru eitt af helstu vandamálum Vestfjarða.

### Markaðsmál

Markaðsstofa Vestfjarða var stofnuð haustið 2005 og hefur verið starfandi síðan, tekin var ákvörðun á 57. Fjórðungspingi Vestfirðinga að sameina Markaðsstofu Vestfjarða rekstri Fjórðungssambands Vestfirðinga. Enn er verið að vinna að þeirri sameiningu, en von er á að málið verði frágengið sem fyrst.<sup>4</sup>

Í tengslum við gerð sóknaráætlunar var lögð fyrir ferðapjóna á Vestfjörðum könnun varðandi stöðu markaðsmála á Vestfjörðum. Í könnuninni kom fram að sá þáttur sem betur mætti fara er samstarf, margir bentu á skort á samstarfi og upplýsingaflæði. Einnig kom þar fram að um 40% þeirra sem svöruðu áttu von á fjölgun ferðamanna á Vestfjörðum sumarið 2013, var það miðað við núverandi bókanir og fyrirspurnir. Ferðapjónusta á Vestfjörðum er stækkandi grein sem íbúar svæðisins binda miklar vonir við.

Á svæðisfundunum sem haldnir voru kom fram að markaðssetja þyrfti Vestfirði í víðu samhengi og ekki bara sem áfangastað ferðamanna, heldur einnig sem búsetukost.

### Stefnumótun fyrir hvern málaflokk

Þar sem fjárveiting til sóknaráætlunar að þessu sinni er til eins árs þá var ákveðið að horfa til styttri tíma en til ársins 2020 vegna stefnumótunar hvers málaflokks. Miðað er að því að vinna frekari stefnumótunarvinnu vegna málaflokkanna á þessu ári vegna sóknaráætlunar 2014 og komandi ár.

### Atvinna og nýsköpun

Auka þarf fjölbreytileika atvinnulífsins með nýsköpun, virkum rannsóknum og virkri þróun fyrirtækja og frumkvöðla á svæðinu. Slíkt leiðir af sér nýjar vörur, nýja þjónustu og ný tækifæri. Nýsköpunin sem slík á ekki að vera bundin við eina atvinnugrein heldur þarf hún að miða að því að styrkja búsetu fólks, auk þess að laða nýtt fólk til svæðisins til þess að snúa við þeirri fólksfækkun sem orðið hefur á Vestfjörðum. Í þessu samhengi skiptir aukin þekking miklu máli, sér í lagi aukin þekking á nýtingarmöguleikum sjávarauðlindarinnar í sinni víðtækustu mynd og aukin þekking á því sem fyrir er á svæðinu, bæði atvinnulífi og samfélagi.

### Menningarmál

Á Vestfjörðum er að mörgu leyti blómlegt menningarstarf og mikilvægt að svo verði áfram. Menningarlífið hefur verið eitt af lykilatriðum í jákvæðri ímynd svæðisins og sjálfsmynd íbúa, auk þess sem það styður kröftuglega við uppbyggingu og þróun ferðapjónustu sem heilsárs atvinnugreinar. Á Vestfjörðum hefur verið umtalsverð uppbygging á sviði lista og menningartengdrar ferðapjónustu á síðasta áratug og fjölbreytt varanleg söfn, setur og sýningar, hafa hafið starfsemi. Uppbygging er á mjög viðkvæmu stigi í mörgum þessara verkefna og nauðsynlegt að styrkja stoðir þeirra til að þau skili betur þeim árangri sem að er stefnt. Fyrirhugaðri uppbyggingu þarf að ljúka til að þau virki sem best sem stuðningur við ferðapjónustu, mannlíf og menningu. Á sumum svæðum Vestfjarða eru verkefni á sviði menningartengdrar ferðapjónustu lykilaðilar við uppbyggingu ferðapjónustu. Á grundvelli þeirra

---

<sup>4</sup> Fjórðungssamband Vestfirðinga 2012.

gefast sóknarfæri í uppbyggingu mennta- og rannsóknatengdrar ferðapjónustu og þau líkleg til að draga til sín önnur verkefni og fólk sem starfar í skapandi greinum, s.s. listafólk, fjölmiðlafólk og fræðimenn.

## Menntun og rannsóknir

Byggja þarf upp háskólamenntun á Vestfjörðum og önnur menntaúrræði sem tengjast kjarnaatvinnugreinum svæðisins. Þessi menntunarúrræði eiga að vera eftirtektarverð á alþjóðlegum vettvangi og laða að innlenda sem erlenda nemendur ásamt því að vera menntunarúrræði fyrir þá sem starfa og búa á Vestfjörðum í dag.

Í verkefnum menntunar og rannsókna í sóknaráætlun verður byggt á hugmyndafræði þekkingarþríhyrnings þar sem atvinnulíf, hið opinbera og rannsókn- og menntastofnanir vinna saman að því að byggja upp þessi menntunarúrræði og skapa þar með sterkari forsendur fyrir uppbyggingu atvinnu og byggðar á Vestfjörðum.

## Markaðsmál

Umræða um bætta ímynd Vestfjarða er ekki ný af nálinni og ekki einfalt mál að vinna með. Þegar horft er til Vestfjarða sem búsetukosts hlýtur mikil umræða um slæmar samgöngur, rafmagnsleysi, orkuverð og slæma stöðu í fjarskiptamálum að hafa fælandi áhrif. Fyrir fólk sem býr á svæðinu hefur neikvæð umræða um svæðið í fjölmiðlum og ekki síst manna á meðal að hafa slæm áhrif á sjálfsmynd íbúa. Einhæft atvinnulíf og fábreyttir möguleikar til menntunar hefur þau áhrif að ungt fólk sér framtíð sína annars staðar. Umræða um samgöngur svæðisins og skort á uppbyggingu og þjónustu á því sviði hefur einnig slæm áhrif á möguleika ferðapjónustu til að vaxa og dafna. Ferðaskipuleggjendur hafa svæðið ekki inn í sínu ferðaframboði í sama mæli og svæði sem eru á hringveginum að sumri til og enn síður að vetri.

Verkefni í markaðs- og kynningarmálum svæðisins eru því ærin og er lagt til að farið verði í stórátak í ímyndaruppbyggingu fyrir svæðið.

## Markmið og aðgerðir

### Atvinna og nýsköpun

#### Yfirmarkmið málaflokks

- Fjölga nýsköpunarverkefnum
- Kortlagning tækifæra
- Fjölga vörum/þjónustu sem skapa útflutningstekjur
- Auka miðlæga upplýsingamiðlun um svæðið

### Nýsköpunarkeppni Vestfjarða

**Lýsing:** Heppileg leið til þess að laða fram nýsköpunarhugmyndir er að halda hugmyndasamkeppni þar sem umsækjendur keppa á grundvelli vel ígrundaðra viðskiptaáætlana. Slík keppni með umtalsverðu verðlaunafé getur hjálpað frumkvöðlum að fara af stað með ný verkefni og stutt þau fjárhagslega við upphafsskrefin í viðskiptahugmyndunum. Atvest og Vaxtarsamningur Vestfjarða (Vaxvest) héldu slíka keppni árið 2009 með góðum árangri og sóttu þar um aðilar eins og Kerecis sem er starfandi á Ísafirði og í Reykjavík og Fossadalur sem er með starfsemi á Ísafirði. Verkefni voru vel



útfærð og einnig komu fram aðrar áhugaverðar hugmyndir innan og utan Vestfjarða sem ekki reyndist unnt að styrkja. Það sem réði úrslitum um val á verkefnum voru atriði eins og markaðsmöguleikar Kerecis með lækningavörur fyrir alþjóðlega markaði og Fossadalur með fluguveiðihjól á alþjóðlega markaði. Hér er lagt er til að halda að nýju slíka keppni og veita til þess 8,0 mkr., valin yrðu fjögur verkefni sem hvert um sig fengi 2. mkr. í verkefnafé. Sótt verði um mótframlag frá Vaxvest, það mótframlag yrði notað til þess að auglýsa keppnina, halda frumkvöðlanámskeið um viðskiptáætlanagerð og almennt til þess að halda utan um keppnina. Frumkvöðlum sem væru á norðanverðum Vestfjörðum væri einnig hægt að bjóða aðstöðu í frumkvöðlasetrinu á Ísafirði.

Ábyrgðaraðili og samstarfsaðilar skipi verkefnisstjórn sem er einnig dómnefnd sem skilar af sér skýrslu með niðurstöðum og yfirliti yfir þau verkefni sem fara af stað fyrir tilstuðlan þessara styrkja.

**Markmið:** Að koma af stað fjórum nýsköpunarverkefnum á Vestfjörðum sem skapa fjögur störf.

**Ábyrgðaraðili:** Fjórðungssamband Vestfirðinga.

**Framkvæmdaaðili:** Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða.

**Samstarfsaðilar:** Vaxtarsamningur Vestfjarða, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og FabLab.

**Árangursmæling og eftirfylgni:** Styrkir veittir, frumkvöðlar komnir til starfa.

**Áætluð staða verkefnis í september 2013:** Auglýsingarferli lokið, námskeiðum lokið og umsóknum skilað inn.

**Lokaafurð verkefnis:** Fjögur verkefni, með fjögur stöðugildi komin af stað.

**Verktími:** Apríl 2013 – október 2013.

**Áætlað að veita 8,0 mkr í þetta verkefni.**

Nýsköpunarkeppni	Upphæð	Tími
Undirbúningur dómnefndar	300.000	Apríl 2013
Auglýst eftir umsóknum	300.000	Ágúst 2013
Þrjú námskeið í viðskiptáætlanagerð	1.200.000	Sept. 2013
Ut anumhald umsókna	500.000	Sept. 2013
Styrkveitingar	14.000.000	Okt. 2013
<b>Samtals kostnaður</b>	<b>16.300.000</b>	

Fjármögnun	
Atvest	1.300.000
Vaxvest	7.000.000
Sóknaráætlun	8.000.000
<b>Samtals</b>	<b>16.300.000</b>

### Nýtingaráætlun strandsvæða á Vestfjörðum

**Lýsing:** Við gerð nýtingaráætlunar um strandsvæði Arnarfjarðar hefur verið þróuð aðferðafræði sem hægt er að hagnýta til að ná fram heildaryfirliti um stöðu nýtingar strandsvæða á Vestfjörðum.

Hraður vöxtur í sjávareldi kallar á að hafin verði sambærileg vinna fyrir aðra hluta Vestfjarða, innan

Þessi lagaramma sem gildir í dag. Talið er að ella geti skortur á heildaryfirsýn um þessi mál í fjórðungnum (og á landsvísu) hamlað æskilegum en um leið sjálfbærum vexti í þessari grein. Með því að beita öguðum vinnubrögðum við kortlagningu nýtingarmöguleika á Vestfjörðum, er talið að koma megi á framfæri upplýsingum sem gætu hraðað ákvörðunartöku fyrir þau fyrirtæki sem hyggja á nýtingu sjávarauðlindarinnar með eldi, ræktun eða annarri leyfisskyldri starfsemi.

Í lok vinnunnar verði aðferðafræðin notuð við nýtingaráætlun og byrjað verði á frekari kortlagningu á Vestfjörðum. Verkefnið mun auka upplýsingastreymi og aðgengi að miðlægum upplýsingum um nýtingarmöguleika strandsvæðis Vestfjarða með sjálfbærni og nýsköpun að leiðarljósi.

**Markmið:** Að ljúka nýtingarkorti fyrir Ísafjarðardjúp fyrir lok árs 2013.

**Ábyrgðaraðili:** Fjórðungssamband Vestfirðinga.

**Framkvæmdaaðili:** Teiknistofan Eik og Fjórðungssamband Vestfirðinga.

**Samstarfsaðilar:** Hagsmunahópar og sveitarfélög á Vestfjörðum, Atvest.

**Árangursmæling og eftirfylgni:** Uppdráttur með nýtingu og greiningu hagsmunaárekstra og umhverfisáhrifa séu tilbúin. Greinargerð um nýtingu strandsvæðis Ísafjarðardjúps tilbúin.

**Áætluð staða verkefnis í september 2013:** Undirbúningi verði lokið, einnig samantekt og úrvinnsla gagna og skrásetning núverandi nýtingar.

**Lokaafurð verkefnis:** Kortlagning Ísafjarðardjúps lokið.

**Verktími:** Apríl 2013 – lok desember 2013.

**Áætlað að veita 3,0 mkr í þetta verkefni, heildarkostnaður verkefnis er 8,8 mkr.**

**Kostnaður og tímaáætlun:** Áætlað er að næsta skref í þessu verkefni kosti a.m.k. 8,8 mkr. Sú upphæð hefur ekki verið fullfjármögnuð en hægt er að fara í ákveðna vinnu og verkþætti skv. neðangreindu. Það sem eftir lifir ársins verður unnið út frá eftirfarandi áætlun ásamt því að fjármagna það sem vantar upp á til að klára verkefnið.

Verkþættir og áætlað umfang nýtingaráætlunar fyrir áfanga 1		
Verkþáttur	Lýsing	Hlutfall af heild
Undirbúningur og fleira	Lýsing á verklagi og skilgreining á áherslum, afmörkun og umfang verksins. Verkefnisstjórnun.	5%
Forsendur	Samantekt og úrvinnsla á þeim gögnum er varða svæðið, einkum náttúru, samfélag og nýtingu þess.	15%
Núverandi nýting	Skrásetning á núverandi nýtingu í samvinnu við stofnanir og hagsmunaaðila.	15%
Greining	Greining á hagsmunaárekstrum og umhverfisáhrifum.	15%
Stefnumörkun	Uppdrættir og greinargerð. Náin samvinna við skipulagshóp og hagsmunaaðila.	30%
Frágangur og kynning	Frágangur á greinargerð og uppdráttum.	20%
<b>Heild</b>		<b>100%</b>

Það má því gera ráð fyrir að unnið verði að fyrstu þremur verkþáttunum fram til október á þessu ári en náist heildarfjármögnun megi ljúka verkefninu fyrir áramót.

## Greining Vestfjarða

**Lýsing:** Svæðisbundin gögn um atvinnulíf og búsetuskilyrði eru af afar skörum skammti. Þetta þarf að laga með markvissum greiningum og rannsóknum, sem þarf að birta miðlægt fyrir þá sem starfa á því sviði að auka velferð Vestfirðinga og ekki síður fyrir áhugamenn um styrkingu atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum. Markmiðið er að leiða til nákvæmari og upplýstari umræðu. Til að hægt sé að vinna markvisst í almannatengslum fjórðungsins þurfa að vera til gögn og greiningar sem styðja málflutning Vestfirðinga um þann byggðavanda sem er viðvarandi á svæðinu. Hér þarf að leggja áherslu á mikilvægi vestfirska hagkerfisins fyrir þjóðarbúið ásamt því að sýna fram á þau lífsgæði sem Vestfirðingar hafa og hvaða kosti svæðið hefur upp á að bjóða fyrir þá sem vilja starfa eða skapa sér tækifæri á Vestfjörðum í framtíðinni.

**Markmið:** Vinna/kaupa fjórar nýjar greiningar sem varpa ljósi á vestfirska hagkerfið og lífsgæðin á Vestfjörðum.

**Ábyrgðaraðilar:** Fjórðungssamband Vestfirðinga.

**Framkvæmdaaðili:** Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða.

**Árangursmæling og eftirfylgni:** Greiningar tilbúnar/keyptar og aðgengilegar öllum á miðlægrri heimasíðu.

**Áætluð staða verkefnis í september 2013:** Tvær af fjórum greiningum tilbúnar/keyptar.

**Lokaafurð verkefnis:** Fjórar greiningar tilbúnar/keyptar og birtar opinberlega.

**Verktími:** Apríl 2013 – janúar 2014.

**Áætlað að veita 3,0 mkr í þetta verkefni.**

Greiningarverkefni	Upphæð	Tími
Atvinnulífsgreiningar - kaup á gögnum	1.000.000	Mars 2013
Vinumarkaður - kaup á gögnum/gagnaöflun	1.000.000	Apríl 2013
Búsetuskilyrði - kaup á gögnum og gagnaöflun	1.000.000	Maí 2013
Væntingarvísitala atvinnulífs - greiningar og kaup á gögnum	1.000.000	Sept. 2013
Upplýsingamiðlun og heimasíða	1.000.000	Nóv-des 2013
<b>Samtals kostnaður</b>	<b>5.000.000</b>	

Fjármögnun	
Atvest	2.000.000
Sóknaráætlun	3.000.000
<b>Samtals</b>	<b>5.000.000</b>

## Menningarmál

### Yfirmarkmið málaflökks

- Stuðla að varanlegri uppbyggingu og atvinnusköpun í menningarmálum á Vestfjörðum
- Efla skapandi greinar á Vestfjörðum

## Aukið framlag til Menningarráðs Vestfjarða

**Lýsing:** Að fjármagn verið notað til að efla sjóð sem Menningarráð Vestfjarða hefur yfir að ráða til að styrkja menningarstofnanir á Vestfjörðum. Auglýst hefur verið eftir styrkumsóknum og frestur til að senda inn umsóknir er til 22. febrúar 2013 og stefnt er að úthlutun fyrir lok mars. Meginmarkmið með styrkjum Menningarráðsins til menningarstofnanna er að leggja áherslu á að efla menningarstarfsemi á sviði lista, safna og/eða menningararfs, stuðla að nýsköpun í menningarstarfsemi og styðja við menningarstarfsemi sem fjölgar atvinnutækifærum á svæðinu. Styrkir verða veittir á grundvelli markmiða, m.t.t. tímasettrar framkvæmda- og kostnaðaráætlunar. Verkefnið fellur að starfsemi Menningarráðs Vestfjarða og því ferli sem notað er við styrkveitingar.

**Markmið:** Veita styrk til fimm menningarstofnanna, safna, setra eða sýninga á Vestfjörðum, til þess að efla rekstrargrunn þeirra.

**Ábyrgðaraðili:** Fjórðungssamband Vestfirðinga.

**Framkvæmdaaðili:** Menningarráð Vestfjarða.

**Árangursmæling og eftirfylgni:** Styrkir veittir.

**Áætluð staða verkefnis í september 2013:** Verkefni lokið

**Lokaafurð verkefnis:** Fimm styrkir veittir.

**Verktími:** Febrúar 2013 – maí 2013.

**Áætlað að veita 5,0 mkr í þetta verkefni**

## Menntun og rannsóknir

### Yfirmarkmið málaflokks

- Auka samstarf atvinnulífs, mennta- og rannsóknastofnana
- Fjölga valmöguleikum í námsframboði
- Auka fjölda nemenda sem koma til Vestfjarða í nám
- Fjölga rannsóknarnemendum sem vinna að atvinnutengdum verkefnum og að úr verði ný viðskiptatækifæri og verkefni

### Stuðningur við námsbraut Háskólaþess Vestfjarða (UW) í sjávertengdri nýsköpun

**Lýsing:** Veita Háskólaþess Vestfjarða beinan fjárhagslegan stuðning til markaðsfærslu og þróunar á nýrri námsbraut um sjávertengda nýsköpun. Gerð er krafa um að námsbrautin sé unnin í nánú samstarfi við rannsóknaraðila, sveitarfélög og atvinnulíf svo að hægt sé að hvetja til nemendaverkefna og rannsóknaverkefna sem geti haft staðbundin áhrif á atvinnulífið til að mynda með úttektum og nýtingarmöguleikum á sjávertengdum auðlindum. Greining á stöðu atvinnulífs hefur bent á að auka þurfi getu atvinnulífsins til þess að stunda nýsköpun, ein leið að því markmiði er að byggja upp sterkari tengingar milli atvinnulífsins og staðbundinnar háskólamenntunar. Námsleið sem hefur það að markmiði að stuðla að sjávertengdri nýsköpun og kallar eftir nemendum sem vilja

starfa í sjávertengdum greinum með nýsköpun í huga, getur skapað töluverð margfeldisáhrif ef hugmyndir nemenda verða sjálfbærar til lengri tíma litið.

Varðandi eftirfylgni verkefnisins, munu ábyrgðaraðili og samstarfsaðilar mynda með sér verkefnastjórn yfir verkefninu og kalla eftir gögnum frá ábyrgðaraðila um fjölda nema og yfirlit yfir áætluð lokaverkefni nema. Lagt er huglægt mat á hvernig verkefnin geti orðið að viðskiptatækifærum og verðmætum fyrir atvinnulíf og byggð á svæðinu. Auglýsing námsins er mikilvæg og leggur ábyrgðaraðili fram áætlun í samráði við Vestfjarðaklasa (sbr. markaðs- og kynningarmál). Niðurstöðurnar eru svo sendar á framkvæmdaráð sóknaráætlunar.

**Markmið:** Að námsbrautin verði að veruleika á árinu 2013 og laði til sín fimm nemendur.

**Ábyrgðaraðili:** Fjórðungssamband Vestfirðinga.

**Framkvæmdaaðili:** Háskólasetur Vestfjarða.

**Samstarfsaðilar:** Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Matís, Hafró og Náttúrustofa Vestfjarða.

**Árangursmæling og eftirfylgni:** Námsbraut hafin, fjöldi nemenda, fjöldi annarra nemenda í viðbótarnámskeið.

**Áætluð staða verkefnis í september 2013:** Námsbraut að hefjast og nemendur hafa skráð sig til náms.

**Lokaafurð verkefnis:** Námsbraut hafin og fimm nemendur séu á námsbrautinni. Þrjú viðbótarnámskeið haldin.

**Verktími:** Hefst apríl 2013, langtímaverkefni.

**Áætlað að veita 4,01 mkr í þetta verkefni, heildarkostnaður verkefnisins er 15.782.000 kr og mun framlag sóknaráætlunar bætast við verkefnið sem framlag til markaðssetningar og sérnámskeiða.**

Kostnaður	
Samkenssla við aðra námsbraut	5.772.000
Leiðbeining frá NMÍ	3.200.000
Sérsniðin námskeið	1.184.000
Aðkeypt ráðgjöf við nema	500.000
Markaðskostnaður	850.000
Meistaránámsnefnd	900.000
Yfirstjórn	1.440.000
Vinna HA	1.500.000
Skráningargjald á nema	180.000
Ófyrirséð	256.000
<b>Samtals kostnaður</b>	<b>15.782.000</b>

Verkefnið er í vinnslu og verður unnið að því í tengslum við ofangreint fram á haustið 2014, en þá verður árangur verkefnisins metinn.

## Stuðningur við uppbyggingu fjarnámsaðstöðu og rannsóknáðstöðu fyrir háskólanema í þróunarsetrum Patreksfjarðar og Hólmavíkur.

**Lýsing:** Veita fjármunum til Þróunarsetursins Skor á Patrekfirði og Þróunarsetursins á Hólmavík til þess að byggja upp og bjóða upp á aðstöðu fyrir háskólanema til að vinna að sínum rannsóknum innan vébanda þróunarsetranna. Þetta á einnig við aðstöðu fyrir aðra rannsóknaraðila og fræðimenn sem gætu starfað á þessum svæðum að sínum verkefnum. Sveitarfélögin Vesturbyggð og Strandabyggð taka við fjármununum og vinna með rekstarfélögum þróunarsetranna að útfærslu aðstöðunnar. Það að styrkja frekar þróunarsetur á Hólmavík og Patreksfirði ýtir undir þekkingarstarfsemi á svæðum sem þurfa á því að halda að fá háskólamenntað fólk inn á svæðið, sér í lagi ungt háskólamenntað fólk. Bjóða þarf upp á góða aðstöðu sem hefur góða gagnaflutninga og jafnast á við aðstöðu sem nemar í háskólum, rannsakendur og fræðimenn á höfuðborgarsvæðum eða erlendis geta nýtt sér.

Ábyrgðaraðilar vinna út frá framkvæmdaáætlun sem send er á framkvæmdaráð sóknaráætlunar. Ábyrgðaraðili haldi einnig utan um notkun og fjölda þeirra sem nýta sér aðstöðu ásamt yfirlit yfir þau verkefni sem þar voru unnin.

**Markmið:** Koma upp vinnuaðstöðu fyrir 3-5 nema á hvorum stað.

**Ábyrgðaraðilar:** Fjórðungssamband Vestfirðinga.

**Framkvæmdaaðili:** Vesturbyggð og Strandabyggð.

**Samstarfsaðilar:** Þróunarsetur Skor, Þróunarsetur Hólmavík, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Háskólasetur Vestfjarða.

**Árangursmæling og eftirfylgni:** Aðstaðan komin upp.

**Áætluð staða verkefnis í september 2013:** Lokið.

**Lokaafurð verkefnis:** Komin upp aðstaða fyrir 3-5 nema á hvorum stað.

**Verktími:** Apríl 2013 – september 2013.

**Áætlað er að setja í þetta verkefni 3. mkr eða sem nemur 1,5. mkr á hvorn stað, og verður hafist handa strax við að koma aðstöðunni upp. Fjárhagsleg ábyrgð verkefnisins verður hjá rekstrarfélögum þróunarsetranna.**

## Koma á sérhæfðu námi fyrir starfsfólk í fiskeldi

**Lýsing:** Veita fjármunum í að greina námsþarfir, skrifa námsskrá og taka saman námsefni fyrir starfsfólk í fiskeldi.

Á suðursvæði Vestfjarða er að byggjast upp umfangsmikið eldi, en einnig er fyrirhugað umtalsvert eldi á norðursvæðinu. Þar sem hér er um nýja atvinnugrein að ræða þarf að þjálfa fólk til þess að starfa í þessu umhverfi, en vel þjálfað starfsfólk hefur bein áhrif á velgengni fyrirtækja og að lokum á samkeppnishæfni svæðisins á sviði fiskeldis. Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur um árabil verið í samstarfi við Fisktækniskóla Íslands, sem er leiðandi aðili í námi fyrir starfsfólk í fiskvinnslu. Með þessu verkefni verður það samstarf styrkt enn frekar. Námið yrði hægt að kenna hvort heldur sem væri staðbundið, í dreifnámi eða fjarnámi. Með því að vera með staðbundið og veftengt nám er hægt

að bjóða námið innan sem utan Vestfjarða. Fræðslumiðstöðin hefur komið sér upp fjarnámsaðstöðu á þremur stöðum og er því ákjósanlegt að þessi námsleið bætist við námsframboð miðstöðvarinnar.

Í lok verkefnisins liggja fyrir þarfagreining, námsskrá og námsefni. Áætlað er að námskeiðið hefjist í kjölfar þeirrar vinnu og að fyrsta námskeiðið sitji 20 nemendur.

**Markmið:** Þarfagreining, námsskrá og námsefni tilbúið.

**Ábyrgðaraðilar:** Fjórðungssamband Vestfirðinga.

**Framkvæmdaðili:** Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

**Samstarfsaðilar:** Eldisklasi Vestfjarða, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Fisktækniskóli Íslands, Háskólasetur Vestfjarða, Þekkingarsetur Skor á Patreksfirði og Þróunarsetur á Hólmavík.

**Árangursmæling og eftirfylgni:** Þarfagreining, námsskrá, námsefni og tölfræði um þátttakendur.

**Áætluð staða verkefnis í september 2013:** Ekki hafið

**Lokaafurð verkefnis:** Þarfagreining, námsskrá og námsefni tilbúið.

**Verktími:** September 2013 – ársloka 2013.

**Áætlað að setja í þennan málaflokk 4,0 mkr.**

Verkþáttur	Einingar	Einingaverð	Kostnaður
Þarfagreining	0,75	700.000	525.000
Könnun á eldra efni og skrif á námsskrá	1,5	700.000	1.050.000
Könnun á eldra efni og námsefnisskrif	2	700.000	1.400.000
Samráð og yfirlstur	0,5	700.000	350.000
Umbrot, hönnun og útgáfa			675.000
<b>Alls</b>			<b>4.000.000</b>

Unnið haustið 2013 til ársloka 2013.

### Styrkja námsmannasjóð

**Lýsing:** Veita fjármunum í að styðja enn frekar við rannsóknir námsmanna sem tengjast nýtingu auðlinda Vestfjarða. Nú þegar er starfandi námsmannasjóður með aðild Vaxtarsamnings Vestfjarða (VaxVest) og Háskólaseturs Vestfjarða sem hefur takmarkaða fjármuni til ráðstöfunar. Þeir styrkir sem veittir hafa verið eru lágmarksstyrkir og væri með frekari stuðningi hægt að hækka styrkuppþæðir gegn strangari skilyrðum um að verkefni séu unnin á staðnum (þ.e.a.s. namar geri ekki rannsóknir í fjarnámi). Einnig væri hægt að leggja áherslu á að þau hafi sterkar tengingar við starfandi fyrirtæki á svæðinu og miði að því að skapa aukin verðmæti, auka samkeppnishæfni eða auka sjálfbærni atvinnulífs Vestfjarða.

**Markmið:** Að efla rannsóknir með því að styrkja tíu nemendaverkefni er snúa að auðlindum Vestfjarða.

**Ábyrgðaraðilar:** Fjórðungssamband Vestfirðinga.

**Framkvæmdaaðili:** Úthlutunarnefnd Námsmannasjóðs Vaxvest.

**Samstarfsaðilar:** Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Háskólasetur Vestfjarða.

**Árangursmæling og eftirfylgni:** Verkefni styrkt.

**Áætluð staða verkefnis í september 2013:** Verkefni lokið.

**Lokaafurð verkefnis:** Tíu nemendastyrkir úthlutaðir.

**Verktími:** Febrúar 2013 – júní 2013.

**Áætlað að setja í þennan málaflokk 3,0 mkr.**

Kostnaður	Upphæð	Tími
Undirbúningsvinna úthlutunarnefndar	500.000	Feb. 2013
Auglýsing og kynning umsókna	300.000	Feb. 2013
Utanumhald umsókna	450.000	Mars 2013
Vinna úthlutunarnefndar	500.000	Mars 2013
Samningagerð við nema	200.000	Apríl 2013
Úthlutun styrkja	6.000.000	Apr.-Jún. 2013
<b>Samtals kostnaður</b>	<b>7.950.000</b>	

Fjármögnun	Upphæð
Vaxvest	3.625.000
Atvest	750.000
Sóknaráætlun	3.000.000
Vinnuframlag matsnefndar	575.000
<b>Samtals</b>	<b>7.950.000</b>

## Markaðsmál

### Yfirmarkmið málaflokks

- Að efla samstarf um skýra sameiginlega framtíðarsýn
- Að auka samstarf og samtal milli atvinnulífs, sveitarstjórna, stoðkerfis og almennings
- Að efla sjálfsmynd íbúa á Vestfjörðum
- Að draga fram og styrkja ímynd og sérstöðu Vestfjarða
- Að kynna svæðið sem áfangastað fyrir ferðamenn, sem álitlegan búsetukost og til fjárfestinga
- Að Vestfirðingar tali einni röddu
- Að fjölga ferðamönnum á svæðinu allt árið og lengja dvöl þeirra
- Að fjölda heilsársstörfum í ferðaþjónustu
- Að byggja upp vörumerki sem endurspeglar gæði og hreinleika vestfirskra afurða og ferðaþjónustu
- Skapa ný tækifæri til þróunar og nýsköpunar í ferðaþjónustu
- Efling þjónustu við ferðamenn, - framboð, opnunartíma og aðgengi



## Vestfjarðaklasi

**Lýsing á verkefni:** Verkefnið felur í sér stofnun klasa, Vestfjarðaklasa, sem tengir saman stoðstofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki; ferðaþjónustu, sjávarútveg, matvælaframleiðslu, verslun og þjónustu og skapandi greinar í þeim tilgangi að ná fram sameiginlegri framtíðarsýn í markaðs- og kynningarmálum sem fer saman við uppbyggingu atvinnulífs og innviða. Stefnt er á þrjúþættar áherslur innan klasans, að kynna Vestfirði sem búsetukost, sem áfangastað ferðamanna og sem fjárfestingakost.

Helstu verkefni Vestfjarðaklasans fyrir 2013 eru að efla samstarf og samtal og byggja upp ímynd Vestfjarða inn á við. Stefnt er á að gera það með skipulagðri uppbyggingu samfélagsauðs og miðlun upplýsinga innan svæðisins, utan svæðisins og erlendis.

### Aðgerðir 2013:

- Ráða verkefnastjóra
- Mynda forystuhóp (5-7 manns)
- Skipulagning/framkvæmd á öflugri kynningu Vestfjarða í vor
- Halda ímyndarfund fyrir Vestfirði sem fyrsta skref í mótun framtíðarsýnar
- Efla tengsl ungs fólks við svæðið og innan svæðis
- Virkja frjáls félagasamtök til þátttöku í ímyndarvinnu – efling á sjálfsmynd íbúa
- Tengja vinnu við fréttamiðla, bloggara tengda svæðinu
- Koma á reglulegum súpufundum atvinnulífs á a.m.k. 3 stöðum á Vestfjörðum
- Koma af stað greiningarvinnu
- Vinna að skuldbindingu þátttakenda við klasastarf

**Markmið:** Fá fram ímynd Vestfjarða, á samráðsfundum, sem notuð verður í kynningar- og markaðsmálum. Aukið samtarf og samtal milli atvinnulífs, sveitarstjórna, stoðkerfis og almennings. Einnig er markmið verkefnisins að fjölga ferðamönnum á svæðinu og lengja dvöl þeirra.

### Hvernig árangur verði mældur:

- Kannanir í upphafi og lok tímabils (t.d. árlega) tengt ímynd Vestfjarða, viðhorf fólks til svæðisins:
  1. Innanlands
  2. Erlendir ferðaheildsalar
  3. Innlendir söluaðilar ferða
  4. Íbúar svæðisins
  5. Fyrirtæki á svæðinu
- Gistinætur á Vestfjörðum 2013 í samanburði við 2012
  1. Allir gististaðir + tjaldstæði
  2. Ferða lengd

**Áætluð staða verkefnis í september 2013:** Búið að ráða verkefnastjóra, mynda forystuhóp, búið að halda ímyndarfund fyrir Vestfirði og stofna Vestfjarðaklasa.

**Lokaafurð verkefnis:** Komin af stað Vestfjarðaklasi með 30 virk fyrirtæki sem þátttakendur.

**Ábyrgðaraðili:** Fjórðungssamband Vestfirðinga.

**Framkvæmdaaðili:** Markaðsstofa Vestfjarða.

**Samstarfsaðilar:** NMÍ, Ferðaþjónustufyrirtæki, önnur fyrirtæki sem njóta góðs af auknum ferðamannastraum, sveitarfélögin á svæðinu, Atvest, starfshópar (Vatnavinir, Breiðafjarðarfléttan, Sjávarútvegsklasinn, Veisla að Vestan, Ferðamálasamtökin) og fleiri.

**Tímarammi:** Stefnt er að því að hefja klasaverkefnið í apríl 2013, en hugmyndin er að verkefnið verði langtímaverkefni til a.m.k. 10-15 ára.

**Fjármagn:** Heildarfjármagn sem fer í verkefnið er 17,3 mkr.

Kostnaðarliðir	Upphæð	
Verkefnastjórn	5.000.000	
Innra starf	4.300.000	
	Leiðtogafundir	
	Tengslaráðstefna	
	Ímyndarfundur	
	Reglulegir súpufundir	
	Samráðsvettvangur við fjölmiðla og bloggara	
	Samstarf ferðaþjónustu og skapandi greina	
	Samhæfing stoðkerfis	
Rannsóknir/greiningar	2.000.000	
Uppbygging vörumerkja	1.000.000	
Markaðsaðgerðir	5.000.000	
Samtals	17.300.000	

## Samantekt

Á Vestfjörðum eru mörg tækifæri en einnig mikið af verkefnum sem þarf að vinna. Mörg þeirra snúa að þeim málaflokkum sem taka til sóknaráætlunar að þessu sinni. Stærstu verkefni Vestfjarða snúa þó að þeim innviðum sem ekki eru til umfjöllunar. Það kom skýrt fram í þeirri vinnu sem unnin var vegna sóknaráætlunar að uppbygging innviða; samgöngur, fjarskipti, raforka, eru þau mál sem brenna hvað heitast á íbúum fjórðungsins.

Að því er varðar atvinnu og nýsköpun er ljóst að á öllum svæðum Vestfjarða verður að vinna gegn fábreyttu atvinnulífi og vinna markvisst að stuðningi við nýsköpun og rannsóknir sem geta leitt til nýrra tækifæra og nýrra fyrirtækja. Við þessa vinnu verður að tryggja að menntun á svæðinu endurspegli þá uppbyggingu sem þarf að eiga sér stað. Auka þarf framboð á menntun á svæðinu og tryggja að sá mannauður sem er fyrir á svæðinu hverfi ekki.

Í öllu vinnuferlinu kom sterkt fram að Vestfirðingar horfa til ferðaþjónustu sem mikilvægs tækifæris fyrir svæðið og endurspeglast það í úthlutun fjármagns sóknaráætlunar þar sem markaðsmál fá meira fjármagn en önnur málefni.

Í sóknaráætlun Vestfjarða 2013 er að finna þau verkefni sem Vestfirðingar vilja leggja áherslu á að þessu sinni. Verkefnin eru í takt við alla þá vinnu sem farið hefur fram á undanförunum árum og geta vonandi verið upphaf þess að Vestfirðir geti hætt varnarbaráttu sinni og hafið sókn.

## Heimildir

AM ráðgjöf. (2012). Drög að tillögum, stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga 11. júlí 2012. Kynning.

Byggðastofnun. (2012). Sóknaráætlun Vestfjarða, Stöðugreining, lokadrög í nóvember 2012.  
Sauðárkrókur: Byggðastofnun.

Fjórðungssamband Vestfirðinga. (2012). Þingskjöl 57. Fjórðungsþings Vestfirðinga.  
[http://fjordungssamband.is/fjordungsting/57\\_fjordungsting/flokkur/91/](http://fjordungssamband.is/fjordungsting/57_fjordungsting/flokkur/91/)

Niðurstaða þjóðfundar - Vestfirðir. (6. febrúar 2010). Sótt 18. janúar 2013 frá  
<http://www.forsaetisraduneyti.is/media/island/glaerukynningar/1-Vestfirdir.pdf>

Shiran Þórisson. (2012). Atvinnulífsgreining Vestfjarða. Úrdráttur úr erindi á ráðstefnu 22. september 2012, Ísafirði.

Forsíðumynd er af fossinum Dynjanda í Arnarfirði, myndin er tekin af Rúnari Óla Karlssyni.